



Fjölbrotaskóli
Suðurlands

Siðfræði.

SIÐF1SF05

Vorönn 2025

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Námsefni: Stefnur og straumar í siðfræði eftir James Rachel.

Lýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á þá hugmyndafræði og gildi sem liggja samskiptum fagfólks til grundvallar. Farið er í ýmis hugtök úr siðfræði heilbrigðisþjónustu eins og sjálfræði, velferð, faglegt forræði auk skyldna fagfólks og réttinda skjólstæðinga. Nemendum eru kynntar aðferðir við úrlausna siðferðilegra álitamála. Fjallað er um siðferði rannsókna á fólki og hugmyndir um réttláta heilbrigðisþjónustu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim gildum sem liggja mannlegri breytni til grundvallar
- helstu hugtökum, markmiðum og aðferðum siðfræðinnar
- helstu skyldum fagfólks og réttindum sjúklinga
- skilyrðum siðferðilegs sjálfræðis og réttmæti faglegs forræðis
- forsendum réttlátrar heilbrigðisþjónustu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita siðferðilegum hugtökum á markvissan hátt í ræðu og riti
- skoða siðferðileg álitamál út frá fleiri en einu sjónarhorni bæði í ræðu og riti
- greina og leysa úr siðferðisvanda
- greina frá helstu fræðihugmyndum í siðfræði heilbrigðisþjónustu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- heimfæra þær fræðihugmyndir og hugtök sem fjallað var um í áfanganum yfir á einstök dæmi úr raunveruleikanum
- geta rökstutt hin ýmsu sjónarhorn á siðferðilegum álitamálum
- geta tengt þær fræðihugmyndir sem fjallað er um í áfanganum við daglegt líf.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
	Kynning á áfanganum	
	1. kafli	Umræður eftir kaflan
	2. kafli	Umræður eftir kaflan
	3. kafli	Umræða um kaflan. Spurningar hópur 1.
	4. kafli	Umræður eftir kaflan
	5.kafli	Umræður eftir kaflan
	Verknám	
	6.kafli	Umræður eftir kaflan Spurningar hópur 2
	7.kafli	Umræður eftir kaflan
	8.kafli	Umræður eftir kaflan
	Páskafrí	
	9 og 10 kafli	Umræður eftir kaflan Spurningar hópur 3
	11.kafli Próf ?apríl.	Próf/ Innlegg frá nemenda
	12.kafli	Innlegg frá nemanda og skil á möppu til kennara
	Próf 25% spurt um frumkvöðla og kennismiði	

Sérreglur áfangans:

Áfanganum er skipt í 4 flokka, hver flokkur gildir 25% og þarf að skila að lágmarki 80% úr hverjum flokki til að ná áfanganum.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Virkni og mæting	Virkni, áhugi og þáttaka í hópavinnu og tímum. Lágmark 80% mæting í tíma	25%
Próf	Úr köflunum, um stefnur og fylgjendur þeirra-. mars. (áætlun)	25%
Mappa	Í henni eiga að vera öll verkefni, spurningar og framlag nemenda til umræðna í tímum.(ræður)	25%
Spurningar	Hver nemandi fer í hóp, sem sér um að semja spurningar fyrir hina, leggja þær fyrir og fara yfir. Skipting fer fram í fyrsta tíma.	25%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.